

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1. gr.

Orðin „sem og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eftir því sem við á“ í 4. gr. falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a. Í stað orðanna „eða heilbrigðisnefndir gefa“ í 1. mgr. kemur: gefur.
- b. Orðin „og eftir atvikum heilbrigðisnefndar“ í 4. mgr. falla brott.

3. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo: Umhverfis- og orkustofnun gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauki I, VII, IX og X, sbr. þó 7. gr.

4. gr.

Í stað orðanna „og heilbrigðisnefnd skulu“ í 7. mgr. 8. gr. kemur: skal.

5. gr.

Orðin „og eftir atvikum heilbrigðisnefnd“ í 1. mgr. 11. gr. falla brott.

6. gr.

Orðin „og eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd“ í 1. og 2. mgr. 55. gr. falla brott.

7. gr.

2. máls. 1. mgr. 57. gr. orðist svo: Umhverfis- og orkustofnun annast eftirlit með atvinnurekstri, sbr. viðauki I, VII, IX og X.

8. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndum“ í ákvæði til bráðbirgða kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

9. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.